

Ýmislegt.

Sú frétt kemur í Íslands blöðunum, að trúmálarátið „Verði Ljós“ sé hætt að koma út. Það er búið að standa nú í níu ár, og sýnist það undarlegt, að það skyldi þurfa að sofna út af eftir allan þann tíma. Það er að mörgu leyti skaði, að útgefendurnir skyldi ekki sjá sér fært, að halda því áfram eða þá efna til annars meira rits, er meðhöndlaði kyrkjumál Íslands.

„Verði Ljós“ var að mörgu leyti frjálstlegt blað, og það eru víst allir á því, að stefna sú, er það tók í biblíurannsóknarmálinu, væri í alla staði heppileg. Það er ekki lengur hægt að berja fram blákalt ýmsan kreddulærdóm, er öldin og öll komandi eilífið er horfin frá,— ekki fyrir ærlega og frjálshugsandi þjóðkyrkjumenn. Enda væri það hnekkir allri framför, að kenna þvert á móti því, sem menn vita sannast og réttast. Að ganga á bug samvizku og betri vitund, er ekkert guðþakka verk, og hver sem það gjörir, er ekki að prédika „gleðiboðskap“, heldur er hann að kippa fótum undan ærlegheitum og drenglyndi fólks, sem er sorglegt nifðingsverk.

Nú fyrir nokkru héldu íslenskir stúdentar Kaupmannahafnar háskóla fund með sér, er ræddi um mál snertandi Ísland. Á þeim fundi var sú yfirlýsing gjörð, að fundurinn væri eindregið með algjörðum aðskilnaði ríkis og kyrkju á Íslandi, og jafnframt ákvað að birta þá yfirlýsingu opinberlega í blöðunum. Til þessa hafa Hafnar sveinar sjaldan farið í felur með skoðanir sínar, né lagt það til mála, er Íslendingum hefir verið til ógagns eða ófrelsis. Þótt þeir sé í Danmörku sjálfri, hafa þeir ekki orðið svo heillaðir af útlenskunni, að þeir hafi algjörlega skafið Ísland út úr huga sínum.

Gleðilegt væri, ef skólamenn vorir hér vestra fylgdist að einhverju leyti með í sömu átt,—að þeir sýndi meira, en hingað til hefir raun á orðið, að um leið, og þeir þroskuðust að anda og sannleika, yxi þeir að sama skapi að menningu og sjálfstæði, og væri ekki svo nauðulega staddir, að til þess, að fá varist yfirliði, verði þeir jafnan að bera þefhylki almenningsálitsins í barmi sér.